



**Matvælaráðuneytið**  
**Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur**  
**á skrifstofu sjávarútvegs**

**Efni:** Blönduósþætur – byggðakvóti – sérstök skilyrði

**Tilvísun í mál:** ANR21110334/11.02.07

**Með vísan til 3.gr. reglugerðar nr 995/2021, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2021/2022, þá eru meðfylgjandi tillögur Blönduósþætur um sérreglur:**

a) Ákvæði 1. másl. 1.mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem kemur í hlut byggðalags, auk þess aflamarks byggðalagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal *skipta 75% úthlutaðs byggðakvóta jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, og 25% skal skipt í hlutfalli við hlutdeild í Húnaflóarækju miðað við hlutdeild skipanna 1. sept., 2021.*

b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2022 í Blönduóshöfn eða Skagastrandarhöfn.

c) Ákvæði b-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru skráð með pósthaf og lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi.

d) Ákvæði 1. másl. c-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með skráð pósthaf og lögheimili í sveitarfélaginu.

e) Veitt verði undaþága frá löndun til vinnslu sem fram kemur í ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglug., en fiskiskipum verði eftir sem áður skylt að landa í byggðalaginu, samkv. ákvæði b) hér að ofan. Forsenda þess að sveitarstjórn fer fram á að vinnsluskyldu verði aflétt eru þær að ekki er rekin fiskvinnsla á þessum stöðum, Blönduós/Skagaströnd, þrátt fyrir umleitunar og viðræður þar um.

**Rökstuðningur**, vegna sérstakra skilyrða og breytinga á 1. gr., 4. gr., og 6. gr., reglugerðar.

- Sveitarstjórn vill standa vörð um þau störf sem skapa fjölbreytta atvinnu á svæðinu og einnig þær tekjur sem komið hafa af veiðum og umsvifum útgerðanna í sveitarfélaginu. Byggðakvóti skiptir því sveitarfélagið miklu máli, þrátt fyrir skerðingar á síðustu árum.
- Þar sem hafnaraðstæður eru betri á Skagaströnd, og styttra á miðin, þá hafa útgerðir með lögheimili í Blönduósþætur, gert út og landað afla sínum á Skagaströnd, en ekki hefur verið raunveruleg fiskvinnsla í þessum byggðalögum um nokkurra ára skeið.
- Blönduósþætur og sveitarfélagið Skagaströnd eru nú talin vera eitt atvinnusóknarsvæði sem eru í umtalsverðu samstarfi, m.a. á sviði atvinnumála og ýmiskonar þjónustu.



Sveitarstjóri

**Þannig samþykkt á 104. fundi sveitarstjórnar Blönduósþéjar, undir 2. lið á dagskrá, þriðjudaginn 1. mars 2022, en allar ábendingar um útfærslur í auglýsingu eru vel þegnar.**

Blönduós, 1. mars 2022.

Valdimar O. Hermannsson,  
Sveitarstjóri Blönduósþéjar  
[valdimar@blonduos.is](mailto:valdimar@blonduos.is)  
S-4554700 & 8606770



Sveitarstjórn Blönduósbæjar - 104. fundur sveitarstjórnar Blönduósbæjar  
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, þriðjudaginn 1. mars 2022  
og hófst kl. 17:00

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Haukur Jakobsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Zophonías Ari Lárusson, Anna Margret Sigurðardóttir, Sigurgeir Þór Jónasson, Hjálmar Björn Guðmundsson, Gunnar Tr. Halldórsson, Arnrún Bára Finnsdóttir, Jón Örn Stefánsson, Atli Einarsson og Valdimar O. Hermannsson.

**Fundargerð ritaði:** Atli Einarsson, ritari

**Dagskrá:**

**3. Byggðaráð Blönduósbæjar - 210 - 2202004F**

*Fundargerð 210. fundar byggðaráðs lögð fram til staðfestingar á 104. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Liðir 3.3, 3.5 og 3.6 þarfnst sérstakrar afgreiðslu.*

*Að loknum umræðum um fundargerðina var hún borin upp og staðfest af sveitarstjórn með 7 atkvæðum samhljóða.*

3.1 **2202019 - Framkvæmdir 2022**

3.2 **2106020 - Sameiningarmál**

*Sveitarstjórn tekur undir bókun byggðaráðs.*

3.3 **2202012 - Meistaraflokkur Kormáks Hvatar - styrkbeiðni**

*Þessi liður fundargerðarinnar borinn upp og samþykktur af sveitarstjórn með 7 atkvæðum samhljóða.*

3.4 **2202018 - Erindi frá Finnu Birnu Finnsdóttur**

3.5 **2105031 - Kirkjugarður Blönduóss**

*Afgreiðsla byggðaráðs samþykkt af sveitarstjórn með 7 atkvæðum samhljóða.*

3.6 **2202020 - Reglur um akstursþjónustu eldri borgara - 2022**

*Reglur um akstursþjónustu eldri borgara samþykktar af sveitarstjórn með 7 atkvæðum samhljóða.*

3.7 **2202015 - SSV - Ársþing 2022**

SK

ABF

ABF

SK

AMS

SK

Jös

SK

Hnjúkabyggð 33  
540 Blönduóss  
Sími: 455 4700

blöndu.is

AE



- 3.8 **2202017 - Lánasjóður sveitarfélaga ohf. - auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga**
- 3.9 **2202016 - Auglýsing um ákvörðun innviðaráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga**
- 3.10 **2202014 - Hafnasamband Íslands - Fundargerð 441. fundar stjórnar**
- 3.11 **2202013 - Samband íslenskra sveitarfélaga - Fundargerð 906. fundar stjórnar**
- 3.12 **2202022 - Hafnasamband Íslands - Fundargerð 442. fundar stjórnar**
- 3.13 **2202023 - Hafnasamband Íslands - Ársreikningur 2021**

**1. Undirbúningsstjórn - 2202024**

Varðar úrslit kosninga um sameiningu Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps og skipun undirbúningsstjórnar.

*Sveitarstjórn Blönduósbæjar þakkar samstarfsnefnd um sameiningu Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps og kjörstjórnnum sveitarfélaganna fyrir vel unnin störf við undirbúning kosninga um sameiningu. Sveitarstjórn Blönduósbæjar samþykkir, fyrir sitt leiti, að stjórn til undirbúnings að stofnun hins nýja sveitarfélags skv. 122. gr. sveitarstjórnarlaga skuli skipuð þremur fulltrúum frá hvoru sveitarfélagi og að sömu fulltrúar sitji í henni fyrir hönd sveitarfélagsins og áður sátu í samstarfsnefnd. Sveitarstjóri skal hafa seturétt með málfrelsi og tillögurétt á fundum undirbúningsstjórnar. Sveitarstjórn skipar því Arnrínu Báru Finnsdóttur, Guðmund Hauk Jakobsson og Jón Örn Stefánsson til setu í undirbúningsstjórn fyrir sína hönd.*

*Samþykkt af sveitarstjórn með 7 atkvæðum samhljóða.*

**2. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið - Úthlutun byggðakvóta 2021 - 2022 - sérreglur - 2112024**

Sveitarstjóri kynnir drög að sérreglum vegna úthlutunar byggðakvóta 2021 - 2022.

*Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri fór yfir sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta 2021-2022.*

*Að loknum umræðum um reglurnar voru þær bornar upp og samþykktar með 7 atkvæðum samhljóða.*

SPK

7/11

SE

SA

ANS

ABF

JOS




Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45

  
Zophonías Ari Lárusson

  
Anna Margret Sigurðardóttir

  
Sigurgeir Þór Jónasson

  
Hjálmar Björn Guðmundsson

  
Gunnar Tr. Halldórsson

  
Amrún Bára Finnsdóttir

  
Jón Örn Stefánsson

  
Atli Einarsson



